

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 509/1999

2011/EES/59/02

frá 8. mars 1999

um að framlengja hámarksfrest á því að setja eyrnamörk á Ameríkuvísunda
(*Bison bison* spp.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 frá 21. apríl 1997 um að koma á kerfi fyrir mörkun og skráningu nautgripa og um merkingu á nautakjöti og afurðum úr nautakjöti ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af beiðni Breska konungsríkisins og Frakklands, og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breska konungsríkið og Frakkland hafa farið fram á að hámarksfrestur á því að setja eyrnamörk á Ameríkuvísunda verði framlengdur í níu mánuði sökum framkvæmdarörðugleika.

Framlengingin ætti að gilda í öllum aðildarríkjunum þar eð Ameríkuvísundar kunna einnig að vera aldir í öðrum aðildarríkjum.

Þessir nautgripir eru haldnir við þau ræktunarskilyrði að kálfarnir fylgja mæðrum sínum allt þar til þeir eru teknir frá þeim í síðasta lagi níu mánaða gamlir.

Rétt er að taka þessa beiðni til greina, að því tilskildu að framlenging hámarksfrestsins rýri ekki upplýsingarnar í innlenda gagnagrunninum og að ekki eigi sér stað neinn flutningur slíkra dýra sem ekki eru með eyrnamarki.

Yfirvöld aðildarríkjanna skuldbinda sig til að rýmka ekki þessa undanþágu þannig að hún nái til annarra þátta mörkunar- og skráningarkerfis Ameríkuvísunda.

Reglugerð þessi skal vera með fyrirvara um þær ákvarðanir sem verða samþykktar um fullmótaða rekstrareiginleika innlendu gagnagrunnanna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 1999.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um Þróunar- og ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að framlengja í allt að níu mánuði hámarksfrestinn, sem settur er með 2. mgr. 4. gr. í reglugerð (EB) nr. 820/97, til að setja eyrnamörk á Ameríkuvísunda (*Bison bison* spp.).

Framlenging þessi skal ekki rýra upplýsingarnar í innlenda gagnagrunninum.

2. gr.

1. Veita skal leyfi fyrir framlengingunni, sem kveðið er á um 1. gr., með fyrirvara um öll skilyrði sem sett eru fram í 2. og 3. mgr.

2. Dýrin skulu tilheyra tegundinni *Bison bison* spp.

3. Eyrnamörkin skal festa á kálfana þegar þeir eru teknir frá mæðrum sínum og í öllum tilvikum áður en þeir eru níu mánaða gamlir. Ef dýr er flutt frá bújörð sem það hefur fæðst á skal eyrnamarka það áður en það er flutt þaðan.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 60, 9.3.1999, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 14.6.2001, p. 3.

(¹) Stjtið. EB L 117, 7. 5. 1997, bls. 1.